

GJALDSKRÁ

vegna hunda- og kattahalds í Kaldrananeshreppi.

1. gr.

Við skráningu hunda og katta skal innheimta gjald sem hér segir:
Skráning eins gæludýrs: 9.064 kr. með vsk. fyrir hvert gæludýr í þéttbýlinu Drangnesi, þ.e. hunda og ketti.

2. gr.

Af skráðum hundum og köttum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:
Árlegt leyfisgjald vegna eins gæludýrs: 9.064 kr. með vsk.

3. gr.

Við afskráningu hunds/kattar ber að endurgreiða árlegt leyfisgjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu og þegar gengið hefur verið frá afskráningu.

Heimilt er að fella niður eða ákveða lægra gjald fyrir nytjahunda, svo sem hunda sem notaðir eru til löggæslu eða björgunarstarfa og minkahunda. Af leiðsöguhundum sem blindir eða sjóndaprir nota vegna fötlunar sinnar skal ekki greiða gjald.

4. gr.

Gjalddagi árlegs leyfisgjalds er 1. janúar og eindagi 31. janúar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga, auk áfallins innheimtukostnaðar.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Kaldrananeshrepps 14. desember 2022.

Drangnesi, 14. desember 2022.

F.h. Kaldrananeshrepps,

Finnur Ólafsson oddviti.